

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þar.

Skýrsla umdæmisritara

2. Umdæmisstjórnarfundur, haldinn laugardaginn 12 janúar 2013

í Kiwanishúsinu Helluhrauni 22, Hafnarfirði.

Samantektin á skýrslum sem ég legg fram hér í dag, nær yfir tímabilið október, nóvember og desember. Skýrsluskil hafa verið nokkuð góð og flestir ritarar skila á réttum tíma, aðra þarf aðeins að ýta á eftir og minna á. Þó eru nokkrir klúbbar sem ekkert gengur að fá skýrslur frá og er það miður, þrátt fyrir að svæðisstjórar og umdæmisritari hafa margbeðið um þær. Það þarf að kanna dálítið betur hvað veldur því að ritarar gera ekki skýrslur klúbbana, því það er nauðsynlegt fyrir umdæmið að fá allar skýrslur frá klúbbunum svo við vitum að hvað er að gerast í viðkomandi klúbbum. Einnig er mikilvægt að fá upplýsingar um fjáraflanir og gjafir til líknarmála svo hægt sé að sjá hversu öflugir klúbbarnir eru í söfnunum sínum. Mér hafa borist 75 skýrslur á þessum þremur mánuðum en 33 skýrslur vantar. Skýringin á hversu margar skýrslur vantar má rekja til þess að nokkru leiti að lítið er liðið af janúar og klúbbar hafa ekki fengið ennþá áminningu um skýrsluskil. Á þessu tímabili hafa 9 félagar gerst Kiwanisfélagar en aftur á móti hafa 9 félagar kosið að hætta eða þeir fallið frá. Eins og sjá má á samantektinni þá voru félagar 951 í byrjun október en um áramót var heildarfjöldi félaga 931. Mesta fjölgunin var í Freyjusvæði en það var aðallega út af hinum nýja Kiwanisklúbb Dyngju en þar fengum við 15 nýja féлага og er það einnig skýringin á fækkun á Sólborgarfélögum. Meðal mætingarprósentan á þessu tímabili hjá þeim klúbbum sem hafa skilað mér skýrslum er 78 % sem verður að teljast nokkuð gott og er svipuð tala og á þeim skýrslum sem lagðar voru fram á síðustu árum. Í Umdæminu Ísland – Færeyjar eru nú 36 klúbbar í 5 svæðum og eru þeir langflestir að skila mjög góðu og kraftmiklu starfi. Kiwanisfélagar hafa unnið í samtals 3.074 klst. á þessum þremur mánuðum og safnað um 6.547.264 kr. og gefið til líknarmála 7.748.028 sem er eftirtektarverður árangur. Desember er sá mánuður sem flestir klúbbar eru með sína aðalfjáröflum, seld eru jólatré, sælgæti, jólarósir, jólaskreytingar og flugeldar svo eitthvað sé nefnt og hafa margir klúbbar ekki klárað uppgjör sín, svo búast má við að fjáröflunin sé mun hærri en tæpar sjö miljónir. Flest allir klúbbarnir eru að nýta sé félagatalið á heimsíðunni, skrá þar hætta félaga og nýja féлага. Þegar það er gert fær umdæmisritari sjálfvirkur póst um þessar breytingar. Eftir að klúbbarnir fóru að fá aðgang að félagatalinu hefur umdæmisritari aldrei fengið eins fá blöð af Kiwanisfréttum til baka. Þessum ber að fagna og sýnir sig að gagnagrunnurinn er að virka. Mig langar að nota tækifærið og biðja svæðisstjórana að hvetja klúbbana í sínu svæði að skrá inn öll netföng félaga inn í gagnagrunninn ásamt breyttum heimilisföngum og farsímanúmerum. Ýmsar upplýsingar eru reglulega sendar til allra félaga á tölvupósti og er leiðinlegt ef margir eru að fara á mis við að fá þessar upplýsingar svo sem fréttabréf og skilaboð frá nefndum.

Hörður Baldvinsson

Umdæmisritari Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þar.

Kiwanis er alheimssamtök sjálfbodaliða er hafa að



markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna